

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn og eru þeir tilnefndir skriflega til fimm ára í senn.

Stjórn Póstmannafélags Íslands tilnefnir þrjá menn, þar af einn utan Reykjavíkur, í fyrsta skipti þó einn til þriggja ára. Póstmannasjóður tilnefnir tvo menn, í fyrsta skipti þó einn til þriggja ára.

Varamenn séu skipaðir með sama hætti, einn frá hvorum aðila og eru þeir skipaðir til fimm ára í senn.

Stjórn Póstmannafélags Íslands tilnefnir formann, en stjórn sjóðsins skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Endurskoðendur skulu vera tveir og tveir til vara. Annar skipaður af stjórn Póstmannafélags Íslands svo og varamaður hans. Hinn kjörinn endurskoðandi Póstmannasjóðs og varamaður hans.

Stjórn sjóðsins setur úthlutunarreglur og ákveður upphæð styrkja og framlaga. Hún gerir árlega reikninga yfir tekjur sjóðsins og gjöld.

Reikningsárið er almanaksárið.

Stjórnin skal leggja reikningana fyrir endurskoðendur eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Endurskoðendur verða að hafa lokið endurskoðun eigi síðar en 1. mars ár hvert, og senda þá þegar í stað til stjórnarinnar með áritun sinni og athugasemdum.

Stjórnin sendir síðan án tafar reikningana til stjórnar Póstmannafélags Íslands og afrit til stjórnar Póstmannasjóðs. Póstmannafélag Íslands leggur reikningana fram á aðalfundi félagsins.

Samgönguráðuneytið, 20. febrúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING**um umferð í Keflavík.**

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Keflavíkur og samkv. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið, að leyfður hámarkshraði ökutækja í Keflavíkurkaupstað skuli vera 50 km m.v.klst., sbr. 1. mgr. 50. gr. umferðarlaganna.

Regla þessi tekur þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi allar eldri reglur um þetta efni.

Lögreglustjórnin í Keflavík, 5. júní 1981.

Jón Eysteinnsson.